

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1651  
komudagur 26.3.2001

## ORKUBÚ VESTFJARÐA 22. STARFSÁR




ÁRSSKÝRSLA  
1999



*Séð yfir Breiðafjörð.*

# ÁRSSKÝRSLA 1999



**ORKUBÚ VESTFJARÐA**  
22. STARFSÁR

---

## Efnisyfirlit

Stjórn og stjórnskipulag .....	3
Formáli .....	4
Ávarp stjórnarformanns .....	5
Helstu framkvæmdir 1999 .....	6
Helstu framkvæmdir 2000 .....	7
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði O.V. ....	8
<b>Ársreikningur .....</b>	<b>9-23</b>
<b>Innri öryggisstjórnun .....</b>	<b>24-25</b>
<b>Raforkukerfi .....</b>	<b>26-32</b>
Raforkukerfi Orkubús Vestfjarða .....	26
Rekstrartruflanir .....	27
Vatnsaflsvirkjanir .....	28
Kyndistöðvar .....	29
Díselstöðvar .....	30
Orkuöflun og orkuverð .....	31
Orkusala .....	32

### Skammstafanir:

kV	= kílfóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wótt
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kílfóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kílfówattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gigawattstund	= 1.000 MWh
Gl	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítra

Forsíðumynd: Drangaskörð · Ljósmynd: © Arctic Images/Ragnar Th.  
Baksíðumynd: Önundarfjörður · Ljósmynd: © Arctic Images/Ragnar Th.  
Ljósmyndir á bls. 1,9,10: © Arctic Images/Ragnar Th.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða  
Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

# Stjórn og stjórnskipulag

Formaður: Þorsteinn Jóhannesson

kjörinn af aðalfundi

Varaformaður: Kristinn J. Jónsson  
tilnefndur af iðnaðarráðherra

Ritari: Björgvin Sigurjónsson  
tilnefndur af fjármálaráðherra  
Óskar Torfason  
kjörinn af aðalfundi  
Ólafur P. Benediktsson  
kjörinn af aðalfundi

Varamenn: Ragnheiður Hákonardóttir

kjörin af aðalfundi

Jón Þórðarson

kjörinn af aðalfundi

Smári Haraldsson

kjörinn af aðalfundi

Guðmundur St. Björgmundsson

tilnefndur af iðnaðarráðherra

Halldór Jónsson

tilnefndur af fjármálaráðherra


Orkubússtjóri: Kristján Haraldsson

## Deildarstjórar:

Fjármáladeild: Bjarni Sólbergsson

Rekstrardeild: Jakob Ólafsson

Tæknideild: Sölvi Rúnar Sólbergsson



## *Formáli*

Árið 2000 er runnið upp. Svo sem kunnugt er höfðu menn nokkrar áhyggjur af því hvort tölvur og ýmis stýrikerfi myndu starfa rétt þegar þetta nýja ár gengi í garð. Orkubú Vestfjarða skipaði sér í hóp fjölmargra fyrirtækja þar sem farið var yfir allan tölvubúnað og kannanð hvernig hann brygðist við þessu nýja ártali. Að lokinni þessari athugun og að gerðum nauðsynlegum breytingum var það álit stjórnenda Orkubúsins að fyrirtækina stafaði mun meiri ógn af illviðri og hamförum náttúruaflanna en því að stjórnkerfi þess brygðust. Eftir á að hyggja reyndist það mat rétt.

Stjórnskipuð nefnd hefur nú skilað áltí sínu til iðnaðaráðherra þar sem lagt er til að stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki er sjái um meginflutning raforku í landinu. Jafnframt er í burðarliðnum nýtt frumvarp til raforkulaga þar sem horfið verður frá ríkjandi leyfis- og haftastefnu og komið á samkeppni á svíði orkuvinnslu og orkusölu en meginflutningur og dreifing orkunnar verður þó áfram háð einkaleyfisvernd eðli málsins samkvæmt. Orkuþyrirtækjunum verður breytt í hlutafélög, öll fríðindi þeirra og sérlög afdumin og þeim verður gert skyld að greiða skatt af hagnaði sínum á sama hátt og öðrum hlutafélögum. Þetta hefur það í för með sér að orkuþyrirtækjunum verður heimilt að taka þátt í athafnalifnu utan orkugeirans og grípa þau tækifæri sem þar kunna að gefast. Með þetta í huga eiga eigendur Orkubús Vestfjarða að leita allra leiða til að styrkja fyrirtækið þannig að það geti virkjað á Vestfjörðum og aukið hlut sinn í raforkuvinnslu landsins jafnframt því að taka fullan þátt í vestfírsku athafnalifi og á þann hátt skjóta enn frekari stoðum undir vestfírskar byggðir.

Á liðnu ári var lokið við gerð handbókar vegna innri öryggisstjórnunar fyrir Orkubú Vestfjarða. Samkvæmt nýlegum lögum um rafmagnseftirlit er raforkuþyrirtækjum skyld að koma sér upp slíku eftirlitskerfi. Orkubú Vestfjarða var í fararbroddi íslenskra orkuþyrirtækja og fékk fyrst viðurkenningu og úttekt Löggildingarstofu á kerfi sínu.

Árið 1999 var nokkuð gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var vel yfir meðaltali á árinu og rekstrarárföll voru nánast engin. Landsvirkjun varð að skerða afhendingu á ótryggðri orku í upphafi ársins og varð kostnaðarauki Orkubúsins nokkur af þeim sökum.

Á árinu 1999 var 167,5 mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 14,3 mkr. Stærsta einstaka verkefnið var borun 1.256 m djúprar holu í Tungudal við Skutulsfjörð. Borun holunnar staðfesti að þarna er um  $60^{\circ}$  heitt jarðhitakerfi en nýtanlegt vatn fannst ekki. Af öðrum framkvæmdum má nefna stækkun dreifikerfis hitaveitu í Bolungarvík og lagningu hitaveituæðar á Suðureyri svo nota megi jarðhitavatn til þurrkunar á físki. Línan milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar var endurbyggð á um 2,8 km kafla og áfram var unnið að endurnýjun aðalorkuflutningslínunnar til Strandasýlu á Tröllatunguheiði á um 2 km kafla. Einnig má geta þess að unnið var að virkjunarrannsóknum á Glámuhlendinu, boðin út ný vélasamstæða fyrir þverárvirkjun og sótt um leyfi til að hækka vatnsborð þiðriksvallavatns um 6 m og í því skyni byggja jarðvegsstíflu við neðri enda vatnsins. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 0,7% frá fyrra ári og nam alls 228,9 GWh. Eigin orkuvinnsla var 88,5 GWh eða 38,7% og orkukaup af Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Funa voru 140,4 GWh eða 61,3% af heildarorkuöfluninni.

Orkusala jókst um 0,9% frá fyrra ári og nam alls 192,9 GWh. Til húshitunar voru seldar 132,9 GWh sem er 68,8% af heildarorkusölu fyrirtækisins og jókst þessi þáttur orkusölunnar um 2,8% milli ára.

Þann 1. júlí 1999 hækkuðu taxtar Landsvirkjunar um 3,0% en þá breyttust taxtar Orkubús Vestfjarða þannig að hitataxtar hækkuðu um 6% og taxi fyrir ótryggða orku um 3%, jafnframt var orkuverð almenns taxta og aftaxta lækkað um 2% frá sama tíma.

Á árinu 1999 varð afkoma Orkubús Vestfjarða aðeins betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrartapi að upphæð 97 mkr. en samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri, sem nam 61,8 mkr. Afskriftir námu alls 240,5 mkr. Eignir fyrirtækisins í árslok 1999 voru alls 4.273 mkr. og heildarskuldur 288,6 mkr. Eigið fé nam því alls 3.984,4 mkr. sem er um 93,2% af heildarfjármagni.

*Kristján Haraldsson  
orkubússtjóri.*

# Ávarp stjórnarformanns

## Vegir lieggja til allra átta

Árið 1999 markaði ekki dýpri spor, umfram önnur ár, í sögu Orkubúsins. Frá rekstrarlegu sjónarhorni var það hagsælt.

Niðurstöður ársreikninga eru í samræmi við áætlanir. Hagnaður af rekstri var tæpar 168 milljónir kr. En tap eftir afskriftir og vexti reyndist um 62 milljón kr. Ef frá er talið tjón á línustæði í Arnarfirði af völdum snjóflóðs var rekstur Orkubúsins áfallalaus.

Sú staðreynd að tekjur af rafokusölu skuli nánast standa í stað á milli ára er umhugsunarverð. Hún er enn ein staðfesting þess að byggð og mannlif á Vestfjörðum á um þessar mundir í vök að verjast.

Undirritaður vill trúá því að breyting til batnaðar gæti verið á næsta leiti. Öll hagkerfi eru með því markinu brennd að í þeim eiga sér stað upp- og niðursveiflur, enginn getur með vissu sagt hversu langar þessar sveiflur geta orðið, en eftir uppsveifluna kemur alltaf niðursveifla.

Þetta er sett hér á blað vegna þeirra staðreynda að uppsveifla í íslensku hagkerfi, eins og sú sem við höfum upplifað undangengin ár, hefur alltaf kostað undanhald landsbyggðarinnar. Svo undarlegt sem það nú er þá virðist ábatinn, sem verður í uppsveiflu hagkerfisins einkum gera vart við sig á suðvestur horninu, fólk flykkit ist því þangað af landsbyggðinni, sem fyrir vikið verður kostarýrari. Í niðursveiflu harðnar að öllum jafnaði fyrr á dalnum suðvestanlands, en þrátt fyrir það leitar fólk ekki í sama mæli aftur til baka út á land. Það verður að teljast ósennilegt að stjórnvaldsáðgerðir geti snúið þessari þróun við, en rétt eins og þær hafa flýtt fyrir þessari þróun þá gætu þær eins vel hægt á henni. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnendur ríkis og sveita að bera gæfu til samstarfs og finna lausnir, sem eru varanlegar en ekki sem skyndiplástur, er felur meinið um stundarsakir en læknar það ekki.

Fyrir ári var á sama stað drepið á þær breytingar sem vænta mætti á næstu árum innan orkufyrirtækja. Það er með þessar breytingar eins og svo marga aðra hluti, að menn sjá sjaldnast fram í timann og gera sér illa grein fyrir hvað bíður handan næsta hóls. Við upplifum á þessum dögum mjög örðu þróun þessara mála. Bæjarfé-lög selja rafmagnsdreifikerfi sín, orkufyrirtæki samein-

ast yfir sýslu- já yfir kjördæma-mörk, stofnun fyrirtækis sem sjá mun um raforkuflutning á Íslandi „Landsnet“ er í deiglunni og umræða á sér stað um flutning höfuðstöðva Rafmagnsveitna ríkisins til Akureyrar með sameiningu Rariks og Orkuveitu heimamanna.

Það var gæfuspor þeirra stórhuga sveitarstjórnarmana sem fyrir tuttugu og tveimur árum hvöttu til stofnunar Orkubús Vestfjarða. Það verður fullyrt hér að Orkubúið hefur fyllilega staðið undir væntingu. Á sinn hljóðláta en markvissa hátt hefur það verið framsækið. Vestfirðingar búa við lægra orkuverð en fjöldi annarra landsmanna. Segja má að um 60% húshitunar á þjónustusvæði Orkubúsins sé með fjarvarmaveitu. Flutningur og afhendingaröryggi raforku hefur tryggst til muna þótt aldrei sé hægt að gera svo öllum líki, en með tilliti til þeirra náttúrufarslegu aðstæðna sem oft ríkja hér á Vestfjörðum má segja að Grettistaki hafi verið lyft. Á þessum árum hefur ekki aðeins tekist að byggja upp fyrirtæki, hvers bókfært verð er rúmir fjórir milljárdar króna heldur hefur á sama tíma safnast fyrir mikil tækniþekking og mannaður innan þess.

Ýmsar rannsóknir s.s. á ísingu og ísingarvönum háspennulífna hafa skapað þekkingu og reynslu sem óvíða annars staðar er á hraðbergi. Fyrir hendi er mikil þekking á vatnasvæði Glámuhalendisins, sem nú telst til virkjanakosta í 2. hagkvæmnið á Íslandi og forat-huganir virkjunar þessa svæðis nálgast lokastig. Allt eru betta mikil verðmæti, sem ekki eru bókfærð í efnahagsreikningi Orkubúsins, en verður að hafa í huga þegar innra verð fyrirtækisins er skoðað. Allt þetta staðfestir það sem hér var áður sagt um stofnun Orkubúsins, sem frá upphafi hefur verið stjórnad af heimamönnum.

Það blámar í vestri og rétt eins og snjórinn sem nú er á Góu verður orðinn vatn á Sumarmánuði, þá er eins vist að forsendur þeirra hugrenninga, sem hér eru settar á blað verði marklausar þegar til aðalfundar Orkubúsins kemur.

Undirritaður vill þakka starfsmönnum og stjórnar-mönnum Orkubúsins fyrir ánægjulegt samstarf liðinna ára.

Porsteinn Jóhannesson

# *Helstu framkvæmdir ársins 1999*

## **Háspennulinur:**

Unnið við styrkingu á 66 kV Breiðadalslínu 1 (Mjólká – Breiðidalur) og Tálknafjarðarlínu 1. Lokaáfangi (2 km) á 33 kV Hólmavíkurlínu 1 (yfir Tröllatunguhleiði) byggður og er þá búið að endurnýja á síðustu árum rúma 10 km af línum, sem er 24 km löng. Nýr 2,8 km 66 kV línuafli byggður í Patreksfjarðarlínu 1 (fram Höfðadal). Einsvírlínan yfir Kollafjarðarháls endurbýggð og styrkt.

## **Aðveitustöðvar:**

Spennustíllar settir upp í Engidal fyrir Súðavíkurlínu 1. 11 kV aflrofar og varnarliðar endurnýjaðir í Þverárvirkjun, sem er fyrsti áfangi í endurbýggingu virkjunarinnar.

## **Virkjanir:**

Sótt um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu jarðvegsstíflu og ný 2,2 MW vélasamstæða boðin út fyrir Þverárvirkjun. Unnið að ýmsum rannsóknum tengdum leyfisveitingunni. Endurnýjun á hluta stjórnþúnaðar fyrir vél í Mjólká og uppsetning fjarmælistöðva fyrir virkjanir í Ísafjarðardjúpi.

## **Innanbæjarkerfi:**

Lagning nauðsynlegra strengja í tengslum við framkvæmdir vegna hringtorgs við bensinstöðina á Ísafirði og háspennustrengja frá spennistöð Stekkum að rafstöð á Patreksfirði. Tilbúnar spennistöðvar settar upp við Sindragötu Ísafirði, Hellisbraut Reykhólum og á Króksfjarðarnesi ásamt uppsetningu rofa og millispennis. Lágspennuskerfi á Skeiði og Vitabraut á Hólmavík lagfært.

## **Hitaveitur:**

Stækkun hitaveitukerfis með lagningu 13 heimtauga í Bolungarvík. Áframhaldandi lagfæringar á dreifikerfi á Reykhólum. Lagning 80 mm foreinangraðrar stálpípu frá kyndistöð að Aðalgötu 59 á Suðureyri, fyrir jarðhita-vatn til fiskþurrkunar. Nýr hitaveitubrunnur byggður við væntanlegt hringtorg á Ísafirði.

## **Kyndistöðvar og borholur:**


Boruð var um 1.250 m djúp rannsóknar/vinnsluhola við Bræðratungu á Ísafirði.

## **Rannsóknir:**

Áframhaldandi ísingar- og vatnamælingar.

## **Annað:**

Endurnýjun á hugbúnaði stjórnstöðvar á Ísafirði og nýtt orkureikningakerfi tekið í notkun.



Geymsla og spennistöð Króksfjarðarnesi.

# *Helstu framkvæmdir ársins 2000*



## **Háspennulínur:**

Unnið við styrkingu á 66 kV Breiðadalslínu 1 (Mjólká – Breiðidalur) í Önundarfirði. Einnig lagfæring á Tálknafjarðarlínu 1. 1,2 km af Þorpalínu 1 (11 kV) endurbyggð.

## **Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:**

Endurnýjun varnarliða í aðveitustöð Patreksfirði og í Mjólká. Spennustíllar settir upp, ásamt færslu á rofum í rafstöðinni á Suðureyri. Fjargæslukerfið í Bolungarvík endurnýjað og bætt við útstöð í aðveitustöð. Einnig ný útstöð sett upp í Súðavík og á Tálknafirði.

## **Virkjanir:**

Rannsóknir á fornleifum við Þiðriksvelli og hugsanlegar stífluframkvæmdir fyrir þverárvirkjun.

## **Innanbæjarkerfi:**

Uppsetning á tilbúnni spennistöð á hafnarsvæðinu á Hólmavík og við Skólagötu á Suðureyri. Rofaendurnýjun í spennistöð, á Strandgötu á Tálknafirði ásamt strenglögnum þar og á Patreksfirði. Lagning háspennustrengja fyrir spennistöð við Engjaveg og nýrra heimtauga í hús við Seljalandsveg á Ísafirði

## **Fasteignir:**

Koma upp nýju listaverki fyrir utan aðalskrifstofur að Stakkanesi 1, Ísafirði. Verkið heitir „Dynjandi“ og er eftir Jón Sigurpálsson.

## **Varaafslsstöðvar:**

Rofaendurnýjun og færsla á stjórnþúnaði véla á Patreksfirði. Einnig kaup á einni vél, 1 til 1,6 MW. Endurnýjun húsnæðis rafstöðvarinnar í Flatey.

## **Kyndistöðvar og borholur:**

Uppsetning þriðju bæjardælu ásamt fleiri breytingum í kyndistöð Bolungarvík. Endurnýjun skorsteins, olíuketils og vatnsmeðhöndlunarþúnaðar á Flateyri. Yfirbyggинг á borholutoppum við Álfarland og Suðurbraut á Reykhólum.

## **Rannsóknir:**

Jarðhitaleit í nágrenni þéttbýlisstaða og unnið að gerð afrennslíkans af Glámuhlendi. Áframhaldandi vatna- og ísingarmælingar og uppsetning á tilraunaspenni á Náttmálahæðum upp af Ófeigssfirði.

## **Annað:**

Áframhaldandi þróun á orkureikningakerfi og endurnýjun á 7 bílum.





Bilanalet í sæstreng yfir Patreksfjörð.

## Íbúafjöldi á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða

	Íbúatala 1.12.1999	Breyting frá 1.12.1998	Íbúatala 1.12.1998	Breyting frá 1.12.1997
<b>Svæði I:</b>				
Bolungarvík . . . . .	997	-26	1.023	-71
Ísafjarðarbær . . . . .	4.275	-199	4.474	79
Súðavíkurhreppur . . . . .	254	-10	264	-13
<b>Samtals svæði I</b>	<b>5.526</b>	<b>-235</b>	<b>5.761</b>	<b>-5</b>
<b>Svæði II:</b>				
Tálknafjarðarhreppur . . . . .	366	18	348	21
Vesturbýggð . . . . .	1.231	-14	1.245	-3
<b>Samtals svæði II</b>	<b>1.597</b>	<b>4</b>	<b>1.593</b>	<b>-18</b>
<b>Svæði III:</b>				
Árneshreppur . . . . .	67	-4	71	-3
Broddaneshreppur . . . . .	84	-5	89	-5
Bæjarhreppur . . . . .	93	-4	97	-3
Hólmavíkurhreppur . . . . .	447	-32	479	-20
Kaldrananeshreppur . . . . .	144	2	142	
Kirkjubólishreppur . . . . .	47	-2	49	
Reykhólahreppur . . . . .	303	-6	309	-26
<b>Samtals svæði III</b>	<b>1.185</b>	<b>-51</b>	<b>1.236</b>	<b>-57</b>
<b>Vestfirðir samtals</b>	<b>8.308</b>	<b>-282</b>	<b>8.590</b>	<b>-44</b>


### Orkunotkun pr. íbúa 1978-1999





Bolungarvík, heilsubær á nýrri öld.

## ÁRSREIKNINGUR 1999



**ORKUBÚ VESTFJARÐA**



Frá Trékyllisvík.

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra .....	11
Áritun endurskoðenda .....	12
Rekstrarreikningur .....	13
Efnahagsreikningar .....	14-15
Sjóðstreymi .....	16
Skýringar og sundurliðanir .....	17-22
Rekstrar- og efnahagsstærðir .....	23



## *Skyrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra*

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 1999 varð tap af rekstri Orkubús Vestfjarða sem nam 61,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða í árslok 1999 voru alls 4.273 millj. kr. og heildarskuldir alls 288,6 millj. kr. Eigið fé nam því alls 3.984,4 millj. kr. sem er um 93,3% af heildarfíjmagni.

Eigendur Orkubús Vestfjarða og eignarhlutar eru sem hér segir:

Sveitarfélög á Vestfjörðum .....	60%
Ríkissjóður Íslands .....	40%

Árið 1999 var mjög gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var 1 GWh yfir meðaltali á árinu og rekstrarárföll voru nánast engin.

Á árinu 1999 var boruð 1.256 m djúp hola í Tungudal við Skutulsfjörð. Borun holunnar staðfesti að þarna er um 60° heitt jarðhitakerfi en nýtanlegt vatn fannst ekki. Ekki hafa enn verið teknar ákvarðanir um frekari boranir í Tungudal. Unnið var áfram að virkjunarrannsóknum á Glámuholendum, boðin út ný vélasamstæða fyrir þverárvirkjun og sótt um leyfi til að hækka vatnsborð Þiðriksvallavatns um 6 m og í þeim tilgangi er áformáð að byggja jarðvegsstiflu við neðri enda vatnsins. Áætlaður kostnaður við endurnýjun þverárvirkjunar er um 200 millj. kr.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða staðfesta hér með ársreikning Orkubús Vestfjarða fyrir árið 1999.

Ísafirði, 29. mars 2000

Þorsteinn Jóhannesson  
*stjórnarformaður*

Kristinn J. Jónsson

Ólafur Þ. Benediktsson

Óskar Torfason

Björgvin Sigurjónsson

Kristján Haraldsson  
*orkubússtjóri*

## *Áritun endurskoðenda*

Til stjórnar Orkubús Vestfjarða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkubús Vestfjarða fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-33. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda félagsins og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Orkubús Vestfjarða á árinu 1999, efnahag þess 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999, í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningsskila-venju.

Ísafirði, 29. mars 2000

LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR  
VESTFJÖRÐUM EHF.

Guðmundur E. Kjartansson  
*endurskoðandi*

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Orkubús Vestfjarða höfum farið yfir ársreikning þess fyrir árið 1999 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Ísafirði, 29. mars 2000

Ingí K. Magnússon  
*tilnefndur af fjármálaráðherra*

Gunnar Jónsson  
*kjörinn af aðalfundi*



## Rekstrarreikningur ársins 1999

		Skýr.	1999 þús. kr.	1998 þús. kr.
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Raforkusala .....	24	583.967	584.088	
Sala á heitu vatni .....	25	243.451	229.457	
Tengigjöld .....	3	14.318	6.699	
Aðrar tekjur .....		14.704	12.202	
		<hr/>	<hr/>	
		856.440	832.446	
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Rekstur raforkukerfis:				
Orkuver .....	26	67.600	59.592	
Raforkukaup .....	27	223.745	222.434	
Raforkuflutningur .....	28	29.302	15.996	
Aðveit- og dreifikerfi .....	29	92.677	99.343	
		<hr/>	<hr/>	
		413.324	397.365	
Rekstur hitaveitukerfis:				
Raforkukaup .....		56.462	36.525	
Kyndistöðvar og borholur .....		40.872	62.275	
Dreifikerfi .....		12.118	15.847	
		<hr/>	<hr/>	
		109.452	114.647	
Sameiginlegur rekstrarkostnaður .....	5,33	165.753	154.549	
		<hr/>	<hr/>	
		688.529	666.561	
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti .....		167.911	165.885	
Afskriftir .....	7,8	240.480	234.226	
Tap án fjárm.tekna og (fjárm.gjalda) .....		( 72.569)	( 68.341)	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur og verðbætur .....		35.164	22.872	
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 7.526)	( 9.500)	
Fjármagnstekjkuskattur .....	20	( 3.494)	( 2.080)	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	1	( 20.374)	( 3.445)	
		<hr/>	<hr/>	
		3.770	7.847	
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Leiðréttning á lífeyrisskuldbindingum .....	15	7.046		
Tap .....	13	( 61.753)	( 60.494)	

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	1999 þús. kr.	1998 þús. kr.
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir:			
Virkjanaranssóknir . . . . .	1,7	40.689	35.662
Varanlegir rekstrarfjármunir:	1,8		
Raforkukerfi . . . . .		2.674.300	2.607.760
Hitaveitukerfi . . . . .		491.832	463.803
Aðrir rekstrarfjármunir . . . . .		441.691	420.751
		3.607.823	3.492.314
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreidd orkukaup v/Funalagnar . . . . .	12	21.051	24.684
Áætluð næsta árs orkukaup v/Funalagnar . . . . .		( 3.300)	( 3.156)
		17.751	21.528
		3.666.263	3.549.503
<b>Veltufjármunir:</b>			
Vörubirgðir . . . . .	6	85.142	78.830
Skammtímakröfur:			
Útistandandi orkureikningar . . . . .	5	180.398	174.421
Aðrar skammtímakröfur . . . . .	30	220.970	179.383
Áætluð næsta árs orkukaup v/Funalagnar . . . . .	31	3.300	3.156
		404.668	356.960
Handbært fé . . . . .		116.904	122.949
		606.714	558.739
		4.272.977	4.108.242
<b>Eignir samtals</b>			



*31. desember 1999*

**Skuldir og eigið fé**

<b>Eigið fé:</b>	<b>Skýr.</b>	<b>1999</b>	<b>1998</b>
		þús. kr.	þús. kr.
Eigið fé .....	13,14	3.984.424	3.832.326

**Skuldbindingar:**

Lifeyrisskuldbinding .....	15	164.687	159.308
Víkjandi lán .....	16	18.498	16.795
		183.185	176.103

**Langtímaskuldir:**

Skuldabréfalán .....	17	13.310	14.401
Næsta árs afborganir .....	18	( 1.901)	( 1.800)
		11.409	12.601

**Skammtímaskuldir:**

Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	18	1.901	1.800
Ýmsar skammtímaskuldir .....	32	92.058	85.412
		93.959	87.212
<b>Skuldir samtals</b>		<b>288.553</b>	<b>275.916</b>

**Skuldir og eigið fé samtals** **4.272.977** **4.108.242**

**Aðrar skuldbindingar:** ..... 19,22,23

# Sjóðstreymi árið 1999

	1999 þús. kr.	1998 þús. kr.
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>		
Tap skv. rekstrarreikningi . . . . .	( 61.753)	( 60.494)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður eigna . . . . .	( 40)	( 86)
Afskriftir . . . . .	240.480	234.226
Verðbaetur af langtímaskuldum . . . . .	1.066	196
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar . . . . .	7.231	14.551
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga . . . . .	20.374	3.445
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>207.358</b>	<b>191.838</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, (hækkun), lækkun . . . . .	( 6.312)	93
Skammtímaskrífur, (hækkun) . . . . .	( 47.565)	( 16.512)
Skammtímaskuldur, hækkun . . . . .	6.646	14.804
<b>Breytingar alls</b>	<b>( 47.231)</b>	<b>( 1.615)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>160.127</b>	<b>190.223</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í óefnislegum eignum . . . . .	( 8.107)	( 19.836)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum . . . . .		
Raforkukerfi . . . . .	( 91.159)	( 62.208)
Hitaveitukerfi . . . . .	( 45.686)	( 11.718)
Aðrir rekstrarfjármunir . . . . .	( 22.588)	( 15.636)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna . . . . .	40	2.370
Fyrirframgreidd orkukaup, lækkun . . . . .	3.633	3.181
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 163.867)</b>	<b>( 103.847)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Greiddar lífeyrisskuldbindingar ársins . . . . .	( 1.852)	( 967)
Tekin ný lán . . . . .	881	778
Afborganir langtímalána . . . . .	( 1.334)	( 1.555)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>( 2.305)</b>	<b>( 1.744)</b>
<b>(Lækkun), hækkun á handbæru fé . . . . .</b>	<b>( 6.045)</b>	<b>84.632</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun . . . . .</b>	<b>122.949</b>	<b>38.317</b>
<b>Handbært fé í árslok . . . . .</b>	<b>116.904</b>	<b>122.949</b>



# Skyringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu Orkubús Vestfjarða eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækken visitölu neysluverðs innan ársins, sem var 5,61%.

Óefnislegar eignir og varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framrekna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1999. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 20.374 þús. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrararárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatsþékkun rekstrarfjármuna og verðbreytingafærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skyringu 13.

2. Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs. Hafa verður í huga að þessar fjárhæðir hafa ekki verið færðar til verðlags á árinu 1999.
3. Tengigjöld notenda námu alls 14,3 millj. kr. á árinu 1999. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,7% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.
4. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær visitölu sem tóku gildi 1. janúar 2000 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning.
5. Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	1999	1998
Niðurfærsla krafna í ársþyrjun .....	34.401	28.772
Afskrifaðar kröfur á árinu .....	( 2.646)	( 594)
	31.755	28.178
Niðurfærsla krafna gjaldfærð á árinu .....	16.336	6.223
Niðurfærsla krafna í árslok .....	<u>48.091</u>	<u>34.401</u>

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

6. Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

## Óefnislegar eignir

7. Óefnislegar eignir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig í þús. kr.:

### Virkjanaranassóknir:

Heildarverð 1.1. 1999 .....	46.261
Afskrifað áður .....	( 10.599)
Bókfært verð 1.1. 1999 .....	35.662
Endurmat á árinu .....	2.077
Viðbót á árinu .....	8.107
Afskrifað á árinu .....	( 5.157)
Bókfært verð 31.12. 1999 .....	40.689
Afskriftarhlutfall .....	10,0%

## *Skýringar frb.*

### **Varanlegir rekstrarfjármunir**

- 8.** Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig í þús. kr.:

#### **Raforkukerfi:**

	<b>Orkuver</b>	<b>Veitukerfi</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1. 1999 . . . . .	2.235.628	3.713.740	5.949.368
Afskrifað áður . . . . .	( 1.165.557)	( 2.176.049)	( 3.341.606)
Bókfært verð 1.1. 1999	1.070.071	1.537.691	2.607.762
Endurmat á árinu . . . . .	59.218	83.349	142.567
Viðbót á árinu . . . . .	19.234	71.925	91.159
Afskrifað á árinu . . . . .	( 32.632)	( 134.556)	( 167.188)
Bókfært verð 31.12. 1999	1.115.891	1.558.409	2.674.300
Afskriftarhlutföll	1,67-5,0%	3,3-4,0%	

#### **Hitaveitukerfi:**

	<b>Borholur og kyndistöðvar</b>	<b>Dreifikerfi</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1. 1999 . . . . .	306.352	826.845	1.133.197
Afskrifað áður . . . . .	( 236.311)	( 433.085)	( 669.396)
Bókfært verð 1.1. 1999	70.041	393.760	463.801
Endurmat á árinu . . . . .	4.514	21.280	25.794
Viðbót á árinu . . . . .	30.841	14.845	45.686
Afskrifað á árinu . . . . .	( 9.350)	( 34.099)	( 43.449)
Bókfært verð 31.12. 1999	96.046	395.786	491.832
Afskriftarhlutföll	5,0-10,0%	4,0%	

#### **Aðrir rekstrarfjármunir:**

	<b>Bifreiðir, áhöld og annar</b>		
	<b>Fasteignir</b>	<b>búnaður</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1. 1999 . . . . .	581.708	229.633	811.341
Afskrifað áður . . . . .	( 216.725)	( 173.865)	( 390.590)
Bókfært verð 1.1. 1999	364.983	55.768	420.751
Endurmat á árinu . . . . .	20.138	2.900	23.038
Viðbót á árinu . . . . .	2.101	20.487	22.588
Afskrifað á árinu . . . . .	( 11.956)	( 12.730)	( 24.686)
Bókfært verð 31.12. 1999	375.266	66.425	441.691
Afskriftarhlutföll	2,0%	20,0%	

- 9.** Vátryggingarverðmæti bygginga orkuvera og kyndistöðva er alls 641,5 millj. kr. en annarra bygginga 275,7 millj. kr. Fasteignamat skrifstofubýgginga nemur 28,5 millj. kr.

- 10.** Í árslok átti Orkubúið 26 bifreiðir, 18 vélsleða, 3 dráttarvélar og 1 lyftara.



## *Skyringar frb.*

**11. Eignfærður framkvæmdakostnaður greinist þannig í þús. kr.:**

	<b>1999</b>	<b>1998</b>
Fasteignir . . . . .	2.101	
Virkjanir . . . . .	19.234	11.423
Virkjanaranrannsóknir . . . . .	8.107	19.836
Díselvélar . . . . .		1.177
Aðalorkuflutningslinur . . . . .	22.474	8.354
Aðveitulinur . . . . .	13.285	18.621
Aðveitustöðvar . . . . .	7.433	851
Innanbæjarkerfi . . . . .	28.733	21.782
Kyndistöðvar og borholur . . . . .	30.841	357
Dreifikerfi hitaveitna . . . . .	14.845	11.361
Áhöld og tæki . . . . .	3.394	6.024
Tölvubúnaður . . . . .	17.093	9.612
	167.540	109.398

Afskrift nýframkvæmda hefst við nýtingu þeirra.

## **Áhættufjármunir og langtímakröfur**

- 12. Á árinu 1997 var gerður samningur við Ísafjarðarbæ um orkukaup frá sorpbrennslustöðinni Funa. Orkubúið lagði út fyrir stofnkostnaði á lögn frá Funa að kyndistöð í Holtahverfi að fjárhæð 28,4 millj. kr. og færði til tekna undir tengigjöldum. Ísafjarðarbær endurgreiðir Orkubúinu útagðan kostnað með sölu orku úr Funa til Orkubúsins á árunum 1997 til 2005. Fyrirframgreiðsla Orkubúsins vegna samnings þessa er færð á áhættufjármuni og langtímakröfur í efnahagsreikning.**

## **Eigið fé**

- 13. Yfirlit um eiginfjárreikninga í þús. kr.:**

	<b>Endurmats-reikningur</b>	<b>Annað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Yfirfært frá fyrra ári . . . . .	3.407.126	425.200	3.832.326
Tap ársins . . . . .		( 61.753)	( 61.753)
Endurmatsþækkun fastafjármuna . . . . .	193.477		193.477
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga . . . . .	20.374		20.374
Eigið fé 31.12. 1999	3.620.977	363.447	3.984.424

- 14. Eiginfjárstaða Orkubús Vestfjarða var jákvæð í árslok 1998 um 3.832,3 millj. kr., sem jafngildir 4.047,3 millj. kr. í árslok 1999 miðað við 5,61% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi er eiginfjárstaða jákvæð um 3.984,4 millj. kr. í árslok 1999 og greinist breytingin innan ársins þannig í þús. kr. á verðlagi í árslok 1999:**

	<b>Samkvæmt ársreikningi</b>	<b>Á verðlagi 31.12.1999</b>
Eigið fé 1.1. 1999 . . . . .	3.832.326	4.047.320
Tap ársins . . . . .	( 61.753)	( 62.896)
Endurmat eigna að viðbættri verðbreytingarfærslu . . . . .	213.851	
Eigið fé 31.12. 1999	3.984.424	3.984.424

## *Skýringar frh.*

### **Skuldbindingar**

15. Á Orkubú Vestfjarða hvílir reiknuð skuldbinding vegna lifeyrissréttinda þeirra starfsmanna Orkubús Vestfjarða sem eru í Lifeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur verið myndaður reikningur vegna lifeyrisskuldbindingar sem færður er meðal skuldaliða í efnahagsreikningi. Lifeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lifeyrissréttinda starfsmanna samkvæmt tryggingafræðilegu mati til ársloka 1999. Aðrar lifeyrisskuldbindingar eru engar í árslok. Breyting lifeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	1999	1998
Lifeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	159.308	145.725
Vextir og verðbætur .....	3.229	6.257
Greiddar lifeyrisskuldbindingar .....	( 1.852)	( 967)
Framlag ársins vegna lifeyrisskuldbindinga .....	11.048	8.293
Leiðréttинг vegna ofáætlunar 1992-1998 .....	( 7.046)	
<b>Lifeyrisskuldbinding í árslok</b>	<b>164.687</b>	<b>159.308</b>

16. Skuld þessi er til orðin vegna kaupa Orkubús Vestfjarða á Hitaveitu Reykhólahrepps, þ.m.t. borholu í landi jarðarinnar Kletts í Geiradal á árinu 1996. Lánveitandi er Ríkissjóður Íslands. Lánið er bundið neysluvísitölu og ber 5% vexti. Þegar til orkusölu kemur frá ofangreindri borholu eða mannvirkjum henni tengdum skal verja 20% af brúttótekjum, sem þar fást ár hvert, til greiðslu afborgana og vaxta þar til skuldin er að fullu greidd. Ef lánið er ekki að fullu greitt á 30 árum falla eftirstöðvar niður.

### **Langtímaskuldir**

17. Langtímaskuldir greinast sem hér segir í þús. kr.:

Verðtryggð lán með gjalddögum 2000-2006. Vextir 4%-5% .....	13.310
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<b>13.310</b>

18. Afborganir af langtímaskuldum Orkubús Vestfjarða greinast þannig á næstu ár í þús. kr.:

Árið 2000 .....	1.901
Árið 2001 .....	1.901
Árið 2002 .....	1.901
Árið 2003 .....	1.901
Síðar .....	5.706
	<b>13.310</b>

### **Ábyrgðarskuldbindingar**

19. Á Orkubú Vestfjarða hvílir engar ábyrgðarskuldbindingar.

### **Skatta- og gjaldtökumál**


20. Orkubú Vestfjarða greiðir ekki tekju- eða eignarskatt sbr. lög nr. 66 um Orkubúið frá 1976. Orkubúið greiðir tryggingagjald og þjónustugjöld til sveitarfélaga. Orkubúið greiðir 10% fjármagnstekjuskatt frá árinu 1997. Reiknaður og greiddur fjármagnstekjuskattur er 3,5 millj. kr.

### **Starfsmannamál**

21. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þús. kr.:

	1999	1998
Laun .....	218.276	195.030
Launatengd gjöld .....	26.286	25.833
Lifeyrisskuldbindingar .....	11.048	8.051
	<b>255.610</b>	<b>228.914</b>
Starfsmenn .....	66	64

Laun og launatengd gjöld til stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 2 millj. kr. á árinu.



## Annað

- 22.** Í samningi um yfirtöku ríkissjóðs á langtímaláni á hendur Orkubú Vestfjarða árið 1989 er eftirfarandi grein:  
 „Verði breyting á eignaraðild að Orkubú Vestfjarða aðrar en þær sem leiða af 3. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, eru aðilar sammála um að eftirstöðvar yfirtekinna skulda skv. 1. gr. verði gerðar upp við ríkissjóð að hluta eða öllu leyti áður en breytingar á eignaraðild koma til framkvæmda.“  
 Fjárhæðin, 588,2 millj. kr. án vaxta uppreiknað til 31.12. 1988, hefur ekki verið framreknuð til verðlags í ár.
- 23.** Á árinu 1996 keypti orkubúið Hitaveitu Reykhólahrepps og tók við rekstrinum 1. apríl 1996. Kaupverð var 52,0 millj. kr. og af kaupverðinu standa eftir 2,0 millj. kr. óuppgerðar vegna fyrirvara sem Reykhólahreppur hefur ekki uppfyllt.

## Sundurliðanir

- 24.** Raforkusala greinist þannig:

	1999 þús. kr.	1998 þús. kr.
Raforkusala .....	417.715	427.059
Virðisaukaskattur 24,5% .....	( 81.350)	( 83.396)
Raforkusala til hitunar .....	180.179	183.763
Virðisaukaskattur 14% .....	( 23.583)	( 24.045)
Endurgreiðsla virðisaukaskatts 63% .....	14.857	15.148
Veittur afsláttur O.V. af hitasölu .....	( 3.004)	( 3.123)
Niðurgreiðslur raforku til húshitunar .....	69.578	57.028
Tekjur vegna varaafls .....	9.575	11.654
	<b>583.967</b>	<b>584.088</b>

- 25.** Sala á heitu vatni greinist þannig:

Sala á heitu vatni .....	209.894	206.512
Virðisaukaskattur 14% .....	( 25.706)	( 25.514)
Endurgreiðsla virðisaukaskatts 63% .....	16.195	16.074
Veittur afsláttur O.V. af hitaveitusölu .....	( 16.087)	( 15.508)
Niðurgreiðslur hitaveitu til húshitunar .....	59.155	47.893
	<b>243.451</b>	<b>229.457</b>

- 26.** Rekstur orkuvera greinist þannig:

Vatnsaflsvirkjanir .....	35.547	34.690
Díselvélar .....	32.053	24.902
	<b>67.600</b>	<b>59.592</b>

- 27.** Raforkukaup greinast þannig:

Raforkukaup frá Landsvirkjun .....	229.108	229.870
Afsláttur Landsvirkjunar .....	( 13.101)	( 15.115)
Raforkukaup frá RARIK .....	7.738	7.679
	<b>223.745</b>	<b>222.434</b>

- 28.** Raforkuflutningur greinist þannig:

Aðalorkuflutningslínr .....	14.063	12.028
Aðveitustöðvar .....	15.239	3.968
	<b>29.302</b>	<b>15.996</b>

- 29.** Rekstur aðveitu- og dreifikerfis greinist þannig:

Aðveitulínur .....	1.968	1.901
Innanbæjarkerfi .....	90.709	97.442
	<b>92.677</b>	<b>99.343</b>

*Skyringar frb.*

		1999 þús. kr.	1998 þús. kr.
<b>30.</b>	Útistandandi orkureikningar greinast þannig:		
	Orkureikningar í skilum .....	138.249	137.219
	Orkureikningar í vanskilum .....	55.771	48.913
	Lögfræðiinnheimta .....	20.662	19.193
	Gjaldþrotakröfur .....	13.496	2.763
	Niðurfærsla útistandandi orkureikninga .....	( 47.780)	( 33.667)
		<b>180.398</b>	<b>174.421</b>
<b>31.</b>	Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
	Iðnaðarráðuneytið vegna niðurgreiðslna .....	21.813	17.093
	Sveitarfélög .....	8.280	7.784
	Bundnar bankainnstæður .....	177.687	146.637
	Aðrar skammtímakröfur .....	13.501	8.603
	Niðurfærslia skammtímakrafna .....	( 311)	( 734)
		<b>220.970</b>	<b>179.383</b>
<b>32.</b>	Skammtímaskuldir greinast þannig:		
	Landsvirkjun .....	27.387	15.431
	Virðisaukaskattur .....	6.313	8.371
	Fjármagnstekjuskattur .....	1.038	2.115
	Reiknað áunnið orlöf .....	19.287	19.287
	Aðrir viðskiptamenn .....	38.033	40.208
		<b>92.058</b>	<b>85.412</b>
<b>33.</b>	Sameiginlegur rekstrarkostnaður greinist þannig:		
	Laun og launatengd gjöld .....	92.139	90.093
	Bifreiðastyrkir .....	8.061	7.106
	Fæðis-/dagpeningar .....	2.910	2.355
		<b>103.110</b>	<b>99.554</b>
	Pappír, prentun og ritföng .....	2.437	3.317
	Sími og burðargjöld .....	2.089	1.640
	Viðhald búnaðar .....	258	579
	Auglýsingar .....	560	184
	Bifreiðakostnaður .....	1.905	2.220
	Tölву- og forritunarkostnaður .....	7.393	5.997
	Gjafir, risna og starfsmannakostnaður .....	887	1.240
	Ýmsir styrkir og framlög .....	1.839	1.696
		<b>17.368</b>	<b>16.873</b>
	Fargjöld og dvalarkostnaður .....	4.654	4.757
	Ráðstefnugjöld og námskeið .....	1.185	898
	Sérfræðibjónusta .....	6.027	5.719
	Niðurfærsla krafna sbr. skýr. 5 .....	16.336	6.223
	Verðbreytingar á lager og fl. ....	( 1.180)	504
	Flutningsgjöld .....	1.391	1.455
	Rekstur fasteigna .....	6.888	9.160
	Vátryggingar .....	2.431	3.215
	RER-gjald og önnur opinber gjöld .....	2.965	2.972
	Árgjald Samorku .....	715	708
	Annar kostnaður .....	3.863	2.511
		<b>45.275</b>	<b>38.122</b>
	<b>Alls</b>	<b>165.753</b>	<b>154.549</b>



## Rekstrar- og efnahagsstærðir

Á verðlagi hvers árs, millj. kr.	1999	1998	1997	1996	1995
Heildareignir . . . . .	4.273	4.108	4.076	3.999	3.965
Eigið fé . . . . .	3.984	3.832	3.828	3.759	3.771
Rekstrartekjur . . . . .	856	832	843	781	827
Rekstrargjöld . . . . .	689	667	626	647	691
Afskriftir . . . . .	240	234	227	232	235
Rekstrarhagnaður fyrir afskr. og vexti . . . . .	168	166	217	133	136
Tap . . . . .	(62)	(60)	(8)	(89)	(93)
Veltufé frá rekstri . . . . .	207	192	241	163	164
Fjárfestingar í veitukerfi . . . . .	168	109	153	235	113

### Kennitölur

Hagnaðarhlutfall, % . . . . .	(7,21)	(7,27)	(0,90)	(11,45)	(11,20)
Arðsemi eigna, % . . . . .	(1,73)	(1,67)	(0,25)	(2,45)	(2,62)
Arðsemi eigin fjár, % . . . . .	(1,57)	(1,57)	(0,20)	(2,34)	(2,42)
Lausafjárhlfutfall . . . . .	5,55	5,50	5,22	4,10	6,10
Veltufjárhlfutfall . . . . .	6,46	6,41	6,31	5,07	7,17
Hagnaður/skuldir, % *) . . . . .	58,19	60,12	87,57	55,65	70,22
Eiginfjárhlfutfall, % . . . . .	93,25	93,28	93,91	94,00	95,11


### Magntölur

Orkusala, GWh . . . . .	193	191	190	183	189
Eigin orkuvinnsla, GWh . . . . .	89	105	85	81	80
Forgangsorkukaup, GWh . . . . .	68	71	68	74	78
Ótryggð orkukaup, GWh . . . . .	67	51	74	71	65
Starfsmannatjöldi . . . . .	66	64	68	71	71

\*) Árelegur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti sem hlutfali af heildarskulnum.


### Tekjur og rekstrargjöld

Miðað við verðlag 1999



### Veltufé frá rekstri og rekstrarafrkoma

Miðað við verðlag 1999



## *Innri öryggisstjórnun*

Kristján Haraldsson, orkubússstjóri, tók á móti fyrstu viðurkenningunni fyrir innri öryggisstjórnun rafveitna 17. september.

Það er Rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu sem viðurkennir þennan öryggispátt og afhenti Gylfi Gautur Pétursson, forstjóri Löggildingarstofu, viðurkenninguna við stutta athöfn í húsakynnum Löggildingarstofu. Viðstaddir afhendinguna var Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri Samorku (samtök raforku, hita- og vatnsveitna).

Viðurkenningin fyrir innri öryggisstjórnun hjá Orkubú Vestfjarða var veitt í framhaldi af því að Rafskoðun ehf, fagilt skoðunarstofa, hafði framkvæmt úttektir á öryggisstjórnunarkerfinu.

Orkubú Vestfjarða er þar með fyrsta raforkufyrirtækið á Íslandi sem kemur sér upp viðurkenndu öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi og tryggir þannig öryggi eigin raforkuvirkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt.

Með innra öryggisstjórnunarkerfi er á kerfisbundinn hátt unnið að fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé á öllum tínum fullnægt. Þær kröfur sem gerðar eru til raforkufyrirtækja um innleiðingu gæðastjórnunar eru í grundvallaratriðum þær sömu og almennt er beitt í atvinnulifini við framleiðslu og þjónustustarfsemi.

